

**Nd.**

## **207. Nefndarálit**

[42. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Efnahagsaðgerðir núverandi ríkisstjórnar hafa frá byrjun verið handahófskenndar og ekkert verið gert nema fyrir nokkra daga eða vikur í senn.

Þetta frv. er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 28. ágúst s. l. í kjölfar gengisfellingar sem gerð var tveimur dögum áður. Á meðan frv. þetta er til afgreiðslu á Alþingi hefur önnur gengisbreyting átt sér stað sem gert hefur að verkum að þurft hefur að breyta frv. í samræmi við það. Einstakir ráðherrar eru þegar farnir að gefa út yfirlýsingar um að þörf sé á einni gengislækkuninni til viðbótar.

Þetta frv., eins og það liggur fyrir, felur í sér þrjú meginatriði:

- 1) Ráðstöfun á hluta gengismunar útfluttra sjávarafurða, sem framleiddar voru fyrir 1. sept. s. l., og ríkisstjórninni gefið sjálfðæmi um hvort gengismunur á einstökum afurðum sé gerður upptækur eða ekki.
- 2) Eignaupptaka á endurgreiðslu Seðlabanka Íslands af gengisuppfærslu endurkeyþtra afurða- og rekstrarlána. Meginhluti þessarar endurgreiðslu, sem mun vera 36,2 millj. króna, á ekki að renna til þeirra deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem eiga þessar endurgreiðslur, heldur eru bein fyrirmæli í frv. um að allt að 29 millj. króna skuli greiddar til freðfiskdeildar sjóðsins. Með þessu er gengið þvert á þá stefnu sem lá til grundvallar setningu laganna um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Það hefur verið ófrávíkjanleg skoðun stjórnar sjóðsins og stjórnvalda, að hver deild sjóðsins sé sjálfstæð og fjármunir ekki færðir milli deilda eins og nú er ákveðið að gera.
- 3) Í 2. gr. frv. er fjármálaráðherra heimilað að ábyrgjast lán að fjárhæð 42 milljónir króna handa Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og verður ekki séð annað en að ríkissjóður verði að greiða þetta lán þegar metnir eru þeir skilmálar sem settir eru fyrir ábyrgð ríkissjóðs.

Með slíkum lántökum sem þessari er verið að taka upp hreint uppbótakerfi sem lagt er á almenning að greiða í hækkunum skatta.

Við ráðstöfun gengishagnaðar á undanförmum árum hefur gengishagnaði að hluta til verið ráðstafað til að lækka skuldir útgerðarinnar og jafnframt komið til móts við sjómenn í félagsmálum þeirra eins og framlög til lífeyrissjóða og orlofsheimila. Nú er ekki á þetta minnst og er það illa farið.

Á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar í morgun mætti Ísólfur Sigurðsson, fulltrúi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, og lagði fram upplýsingar um stöðu sjóðsins eftir deildum og afurðum, sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni höfðu óskað eftir að fá í hendur.

Samkvæmt þessu yfirliti var innstæða í freðfiskdeild 1/1'80 35 155 þús. kr., 1/1'81 28 280 þús. kr. og 1/10'81 — 1 114 þús. kr. Breyting frá 1/1'80 til 1/10'81 er því ÷34 041 þús. kr. hvað þessa deild varðar.

Í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja var innstæða 1/1'80 27 691 þús. kr., 1/1'81 7 644 þús. kr. og 1/10'81 696 þús. kr.

Aðeins ein deild sjóðsins hefur verulega aukið innstæðu sína, en það er skreiðardeildin sem nú á 43 700 þús. kr., enda hefur verð á þessum afurðum verið með eindæmum hátt á s. l. árum.

Þegar litið er á stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í heild var innstæða 1/1'80 103 898 þús. kr., 1/1'81 74 592 þús. kr. og 1/10'81 75 424 þús. kr. Með öðrum orðum hefur hann rýrnað um 28 474 þús. kr. frá því sem hann var í ársbyrjun 1980, en við eðlilegar aðstæður hefði innstæða sjóðsins átt að minnsta kosti að tvöfaldast. Fylgir hér með yfirlit Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Hvað viðkemur lántöku Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skv. 2. gr. frv. tókum við undir sjónarmið Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í bréfi þess þar sem segir: „Sambandsstjórn telur, að með lántökuheimild þessari sé farið inn á braut, sem ekki einasta gengur þvert á efni og markmið laga um sjóðinn, heldur sé jafnframt verið að halda uppi fólsku gengi með því að skuldbinda sjávarútveginn og þar með sjómenn inn í óvissu framtíðarinnar.“

Það er ámælisvert hvernig stjórnvöld hafa farið með Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og í góðæri er farið að fikta með millifærslur.

Við erum andvígir þessum aðgerðum og teljum að með þeim sé verið að lögleiða nýtt uppþótakerfi og markvisst stefnt að því að eyðileggja Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Alþingi, 14. des. 1981.

Matthías Bjarnason,  
frsm.

Sighvatur Björgvinsson.

Matthías Á. Mathiesen.

Albert Guðmundsson.

## Fylgiskjal.

### Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.

Upplýsingar fyrir fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar Alþingis  
teknar saman 13. desember 1981.

Staða sjóðsins eftir deildum og afurðum þ. 1./1. '80, 1./1. '81 og 1. 10. '81, allar upphæðir í þús. n. kr.

Deildir fyrir frystar fiskafurðir:	1./1. '80	1./1. '81	1./10. '81	br. frá 1./1. '80 til 1./10. '81
Freðfiskur .....	18 628	+2 297	+28 509	+47 137
Humar .....	7 617	12 654	14 100	+6 483
Hörpudiskur .....	2 874	7 894	11 023	+8 149
Rækja .....	6 036	10 029	4 500	+1 536
	<u>35 155</u>	<u>28 280</u>	<u>1 114</u>	<u>+34 041</u>
<b>Deild fyrir saltfiskafurðir:</b>				
Óverkaður saltfiskur .....	27 351	16 560	24 755	+2 596
Söltuð ufsaflök .....	1 675	2 500	3 500	+1 825
Verkaður saltfiskur .....	+44	8	9	+53
	<u>28 982</u>	<u>19 068</u>	<u>28 264</u>	<u>+718</u>
<b>Deild fyrir saltsíldarafurðir:</b>				
Saltsíld .....	734	1 476	1 650	+916
<b>Deild fyrir skreiðarafurðir:</b>				
Skreið .....	11 336	18 124	43 700	+32 364
<b>Deild fyrir afurðir síldar- og fiskmjölsv.:</b>				
Loðnumjöl og -lýsi .....	22 992	1 492	+1 474	+24 466
Fiskmjöl .....	3 613	4 129	1 000	+2 613
Kolmunna- og spærlingsmjöl	393	322	270	+123
Síldarmjöl og -lýsi .....	693	1 701	900	+207
	<u>27 691</u>	<u>7 644</u>	<u>696</u>	<u>+26 995</u>
Samtals:	<u>103 898</u>	<u>74 592</u>	<u>75 424</u>	<u>+28 474</u>

Ath.: Staðan pr. 1./10. '81 er að mestu byggð á áætlun, ef undan eru skildar eftirtaldar afurðir: Freðfiskur, humar og loðnumjöl og -lýsi. En tölur fyrir þessar afurðir liggja nú endanlega fyrir.

Í stöðunni pr. 1./10. '81 er tekið tillit til áætlaðs gengismunar v/ákv. um br. á gengi ísl. kr., sbr. bráðabirgðalög frá 28./8. '81, og er skiptingin þannig:

	Þús. kr.
Óv. saltfiskur .....	6 000
Skreið .....	17 000
Hörpudiskur .....	23
Samtals:	<u>23 023</u>